

## EFNISYFIRLIT

---

A.4.1	AÐFERÐARFRÆÐI	1
A.4.2	GÖGN	1
A.4.3	GREINING	2

### Aðferðarfræði

Í því skyni að skilgreina landfræðilega markaði fyrir smásölu bifreiðaeldsneytis var framkvæmd svokölluð framboðssvæðisgreining (e. catchment area analysis). Í því skyni var m.a. stuðst við niðurstöður SSNIP prófs (sjá nánari umfjöllun í viðauka A.1) og kostnaðar- og ábatagreiningar (sjá nánari umfjöllun í viðauka A.2). Notaðar voru upplýsingar sem fyrir lágu um staðsetningu eldsneytisstöðva á árinu 2012 en reynt var að taka tillit til þeirra breytinga sem urðu á árinu 2013 og 2014.

Til eru ýmsar aðferðir til þess að meta framboðssvæði en hér er það skilgreint sem það svæði í kringum hvern og einn eldsneytissala þar sem talið er að keppinautur mundi gera verðhækkun eldsneytissalans óarðbæra. Skv. mati Samkeppniseftirlitsins er framboðssvæði hvers eldsneytissali í fyrrgreindum skilningi 6 mínútna aksturstími, þ.e. ef keppinautur er staddur í 6 mínútna, eða minni, aksturstíma frá viðkomandi eldsneytissala verður óarðbært fyrir eldsneytissalann að hækka verð (svo fremi sem keppinauturinn hækki ekki einnig verð). Þetta svæði er fundið út í þremur skrefum:<sup>24</sup>

1. Það svæði sem rúmar mögulegan 6 mínútna aksturstíma frá hverri og einni eldsneytisstöð er skilgreint.
2. Framboðssvæði hvers og eins eldsneytissala er í framhaldinu sett fram á myndrænan hátt.
3. Með því að greina kortið sjónrænt er hægt að meta hvar landfræðileg þekja eldsneytisstöðva skarast en það gæti bent til þess að stöðvarnar tilheyri sama landfræðilega markaði.

Ef framboðssvæði tveggja eða fleiri eldsneytisstöðva skarast gefur það vísbendingar um að þær tilheyri sama landfræðilega markaði.

### A.4.2 Gögn

Aflað var gagna um staðsetningar allra eldsneytisstöðva á Íslandi. Því til viðbótar var notast við landfræðigagnagrunna í eigu Landmælinga Íslands og Reykjavíkurborgar til þess staðsetja eldsneytisstöðvarnar á korti. Í greiningunni í kafla 3 í þessum viðauka voru notaðar upplýsingar um

---


<sup>24</sup> Hér er byggt á aðferðum sem breska samkeppniseftirlitið (Office of Fair Trading, OFT) notar reglulega í sínum skýrslum. Þeir hafa einnig notað aðrar aðferðir; svo sem að teikna eins lítinn hring og mögulegt er þannig að 80% viðskipta séu við aðila innan hringsins, eða, í þeim tilfellum sem upplýsingar eru minni, að notast við ákveðinn radíus frá hverri þjónustustöð/búð/útibúi sem nálgun á framboðssvæði. Sú aðferð sem er notuð hér er þó nákvæmari.

staðsetningar eldsneytisstöðvanna frá árinu 2012 en reynt var að taka tillit til þeirra breytingar sem urðu á árunum 2013 og 2014.

### A.4.3 Greining

Þegar horft er á fjölda eldsneytisstöðva og staðsetningu þeirra er N1 með stöðvar á flestum stöðum á landinu eins mynd A.4.1 gefur til kynna. Skeljungur og Olís eru einnig með stöðvar um allt land en Atlantsólía aðeins í stærri byggðakjörnum. Myndir A.4.2 og A.4.3 sýna staðsetningar eldsneytisstöðva á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Mynd A.4.4 sýnir framboðssvæði allra eldsneytisstöðva með dökk fjólubláum lit ef það tekur 6 mínútur eða minna að keyra að næstu bensínstöð og ljósfjólubláum ef það tekur innan við 11 mínútur.<sup>25</sup> Markaðssvæðin eru skilgreind þannig að ef það tekur innan við sex mínútur að keyra á milli eldsneytisstöðva þá teljast þær á sama markaðssvæði. Sé það ekki hægt er um fleiri en eitt markaðssvæði að ræða. Þannig telst höfuðborgarsvæðið eitt markaðssvæði en flest önnur sveitarfélög, þar sem eldsneytisstöðvar finnast, sem sér markaðssvæði. Því er notast við mynd Mynd A.4.4 við skilgreiningu landfræðilegra markaða en þá skiptingu má finna í kafla 3.4. Myndir A.4.5 – A.4.12 sýna svo áhrifasvæði hvers og eins olíufélags.




Mynd A.4.1 Yfirlit um staðsetningar eldsneytisstöðva á Íslandi

<sup>25</sup> Svipuð aðferðafræði hefur verið notuð af breska samkeppniseftirlitinu og fleiri breskum stofnunum. Til að mynda má finna umfjöllun um aðferðina í skýrslu breskra flugyfivalda: CAA Guidance on the Assessment of Airport Market Power April 2011.

# Yfirlit um staðsetningar sölustöðva

Höfuðborgarsvæðið




Gögn: Atlantsolía ehf., N1 hf., Olíuverzlun Íslands hf., Skeljungur hf.,  
Landmælingar Íslands (IS50v) og Reykjavíkurborg (LUKR)

Mynd A.4.2 Yfirlit um staðsetningar eldsneytisstöðva á höfuðborgarsvæðinu

# Yfirlit um staðsetningar sölustöðva

Akureyri




Gögn: Atlantsólía ehf., N1 hf., Olíuverzlun Íslands hf., Skeljungur hf.,  
Landmælingar Íslands (IS50v) og Reykjavíkurborg (LUKR)

**Mynd A.4.3** Yfirlit um staðsetningu eldsneytisstöðva á Akureyri.

# Heildarþekja allra söluaðila

Áætlaður aksturstími  
að næsta söluaðila

- 6 mín.
- 11 mín.



0 25 50 75 km

Gögn:  
Atlantsólfía ehf.  
N1 hf.  
Olivertunni Íslands hf.  
Skjalungur hf.  
Landmælingar Íslands (LSÍ) (OV)  
Reykjavíkurborg (LUR)

**Mynd A.4.4** Framboðssvæði eldsneytisstöðva miðað við að eldsneytisstöðvar veiti hvorri annarri aðhald fram að 6 og 11 mínútna akstursfjarlægð.

[ ✂ ]

**Mynd A.4.5** Framboðssvæði eldsneytisstöðva Atlantsolíu miðað við að eldsneytisstöðvar veiti hvorri annarri aðhald fram að 6 og 11 mínútna akstursfjarlægð.

[ ✂ ]

**Mynd A.4.6** Framboðssvæði eldsneytisstöðva N1 miðað við að eldsneytisstöðvar veiti hvorri annarri aðhald fram að 6 og 11 mínútna akstursfjarlægð.

[ ✂ ]

**Mynd A.4.7** Framboðssvæði eldsneytisstöðva Olíuverzlun Íslands (Olís og ÓB) miðað við að eldsneytisstöðvar veiti hvorri annarri aðhald fram að 6 og 11 mínútna akstursfjarlægð.

[ ✂ ]

**Mynd A.4.8** Framboðssvæði eldsneytisstöðva ÓB miðað við að eldsneytisstöðvar veiti hvorri annarri aðhald fram að 6 og 11 mínútna akstursfjarlægð.

[ ✂ ]

**Mynd A.4.9** Framboðssvæði eldsneytisstöðva Olís miðað við að eldsneytisstöðvar veiti hvorri annarri aðhald fram að 6 og 11 mínútna akstursfjarlægð.

[ ✂ ]

**Mynd A.4.10** Framboðssvæði eldsneytisstöðva Skeljungar (Shell og orkunnar) miðað við að eldsneytisstöðvar veiti hvorri annarri aðhald fram að 6 og 11 mínútna akstursfjarlægð.

[ ✂ ]

**Mynd A.4.11** Framboðssvæði eldsneytisstöðva Shell miðað við að eldsneytisstöðvar veiti hvorri annarri aðhald fram að 6 og 11 mínútna akstursfjarlægð.

[ ✂ ]

**Mynd A.4.12** Framboðssvæði eldsneytisstöðva Orkunnar miðað við að eldsneytisstöðvar veiti hvorri annarri aðhald fram að 6 og 11 mínútna akstursfjarlægð.